



HÖRÐUVALLASKÓLI

Lýsingar á valáföngum í 8. – 9. og 10. bekk skólaárið 2020-2021.

Valtímar hjá 8.-10.b bekk eru á mánudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum eftir að bóklegri kennslu lýkur.

- Fjallganga og hjólreiðaval er kennt í lotum og nær því ekki yfir alla önnina.
- Dungeon og dragons er kennt á miðvikudögum í samstarfi við félagsmiðstöðina Kúluna og teygist inn á opnunartíma hennar
- **Fyrir 9. -10. Bekk.** Erasmus verkefni eru tvö. Bæði eru þau í samvinnu við nemendur og kennara í öðrum löndum. Þeir nemendur sem taka þátt verða að vera tilbúnir að taka á móti erlendum nemendum inn á sitt heimili. Einnig gefst ákveðnum fjölda nemenda að fara til Evrópu í skólaheimsókn. Valgreinin er kennd í lotum í samráði við kennara og skil innan verkefnisins.
- Starfsnám innan skóla kemur ekki inn á stundatöflur nemenda því þeir tímar eru skipulagðir miðað við einstaklinga og geta verið á ýmsum tímum.
- Val utan skóla er í boði fyrir nemendur sem stunda formlegt nám í tónlistar, myndlistar eða dansskólum en þeir geta fengið það metið sem hluta af valáföngum grunnskóla. Sama á við um nemendur sem stunda formlegar æfingar hjá íþróttafélögum. Nemendur þurfa að skila þar til gerðu eyðublaði til að fá þetta metið sem hluta af skyldunámi. Eyðublaðið er hjá ritara skólans [og er einnig aðgengilegt á netinu.](#)
- Mat í valáföngunum byggir á þátttöku og virkni í tímum og matskvarðinn er lokið/ólakið.

Hér fyrir neðan eru lýsingar á þeim áföngum sem verða í boði fyrir elsta stig skólaárið 2021-2022.

Mjög mikilvægt er að nemendur setji inn varaval því valgreinar geta fyllst og því komast ekki allir í það sem þeir setja í fyrsta sæti, hámarksfjöldi er í ýmsum valgreinum.

Valnámskeið	Lýsing	Kennari
-------------	--------	---------

Kvikmyndaval	<p>Í valinu verður horft á erlendar kvikmyndir og rýnt í þær. Einnig verður jafnvel horft á einhverja vandaða erlenda þætti. Sýndar verða myndir sem hafa unnið til Óskarsverðlauna, er þá aðallega horft á verðlaun fyrir bestu kvikmyndina, bestan leik eða leikstjórn. Einnig verður horft á þekktar myndir sem hafa ekki fengið nein verðlaun en hafa hlotið sess í kvikmyndasögunni. Nemendur gera kvikmyndagagnrýni eftir hverja mynd og skila til kennara.</p>	Leifur H Leifsson
Fjallganga	<p>Farið verður í 5-6 fjallgöngur þar sem nemendur fá að kynnst íslenskri útiveru í umhverfi Kópavogs. Hver ganga tekur ca 5 kennslustundir og því þarf að gera ráð fyrir lengri viðveru þann dag sem ganga er farin. En í staðin verður áfanginn búinn snemma í október.</p>	Fjóla Dröfn Friðriksdóttir/Björg Ósk Bjarnadóttir
Allir flottir	<p>Unnið er markvisst með nemendum að því að verða besta útgáfan af sjálfum sér. Nemendur munu vinna náið saman að því að styrkja og efla hvort annað í gegnum leiki og samtal. Við munum rýna í það hvar styrkleikar hvers og eins liggja. Hugtök sem við munum fást við á skólaárinu eru m.a.: Sjálfsmynd, styrkleikar/veikleikar, fjölbreytni, samskiptamiðlar, framtíð. Enginn er góður í öllu en það eru allir flottir</p>	Bjarki Sigurjónsson
Borðspil	<p>Unnið er markvisst með borðspil. Farið verður í ýmsar tegundir borðspila, hvort sem er tilbúin spil eða með spilastokk.</p>	Inga Dís Baldursdóttir
Tröllahor	<p>Málun og mótun Í pappamassaverkefninu notum við veggfóðurslím (tröllahor) þar sem við gerum einhver (furðu)dýr með því að gera grind úr vír og klæða svo með pappamassa og mála.</p>	Karl Jóhann Jónsson
Förðun	<p>Farið verður í undirstöður förðunar og andlitshreinsunar.</p>	Hildur Jónasdóttir
Jógaval	<p>Farið verður í helstu teygjur og öndunaræfingar í jóga og þær kenndar hægt og rólega. Töluverð áhersla verður lögð á slökun og gildi hennar og hverjum tíma lýkur með</p>	Leifur Heiðar Leifsson

	slökun. Nemendur læra nokkrar einfaldar hugleiðsluaðferðir, læra hvernig hugleiðsla getur nýst þeim í daglegu lífi og rætt verður um nýjustu rannsóknir tengdar hugleiðslu og núvitund. Einnig verða sýnd nokkur myndbönd og tengd jóga og hugleiðslu.	
Smíðaval	Nemendur smíða eigin verkefni í samráði við kennara.	Kristján Reynir Kristjánsson
Aðstoð við heimanám	Nemendur geta mætt tvisvar í viku í 40 mín í senn til að vinna í sinni áætlun og fengið aðstoð frá kennara.	NN
Stærðfræðival	Nemendur fá frekari aðstoð í stærðfræði og vinna í þeim áætlunum sem verið er að vinna í stærðfræði	Margrét Ósk Erlingsdóttir og ...
Boltaval	Farið verður í greinar tengdum boltum m.a fótbolta, körfubolta, handbolta og blak þar sem farið er dýpra í kennslu þessara greina.	Fjóla Dröfn Friðriksdóttir
First Legó	Nemendur undirbúa sig til að að taka þátt í First Lego league á Íslandi, keppni sem haldin er í samstarfi við Háskóla Íslands, First og Lego. Nánar um keppnina hér http://firstlego.is/um-fl/	Tinna Björk Pálsdóttir
Enski boltinn	Megintilgangur kennslu í enska boltanum er að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á ýmsum atriðum í tengslum við enska knattspyrnu. Tímarnir eru bóklegir. Í þeim er farið yfir enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum þar sem m.a. er farið yfir ýmsa tölfræði, árangur einstaklinga og liða, sögu félaga, leikgreiningu og fleira. Námsmat verður byggt á verkefnum í tímum, vinnusemi og áhugasemi.	Birgir Rafn Birgisson
Dungeons and dragons	Í þessu vali mun Haffi í Kúlunni vera nemendum innan handar við að spila Dungeon and dragons (DOD). Markmiði er að hafa gaman saman og takast á við skemmtileg og krefjandi ævintýri. Einnig munum við leggja upp með að allir spreyti sig í að vera Game-master. Einnig verður möguleiki fyrir þátttakendur að spila meira utan hefðbundins skóladags á félagsmiðstöðvaopnunum.	Hafþór Haukur Steinþórsson
Makerspace	Nemendur fá tækifæri til að læra undirstöðuatriði hönnunnar, rafrása,	Tinna Björk Pálsdóttir

	forritunar og fá tækifæri til að nýta það í fjölbreyttri verkefnavinnu.	
Teiknival	Almenn teikning og skygging með mismunandi aðferðum og áhöldum	Karl Jóhann Jónsson
Pílukast	Pílukast er gott tól fyrir nemendur að æfa einbeitinguna þar sem íþróttin snýst að miklu leyti um stærðfræði. Í valáfanganum læra nemendur m.a. að leggja saman og draga frá í huganum. Iðkendur nota stærðfræði án þess að átta sig á því þar sem þeir eru stöðugt að reikna. Flestir tímar fara í æfingar í pílukasti og einnig er stefnt að því að sækja pílukastmót. Í lok vetrar verður skólinn með pílukastmót þar sem að veittur verður farandbikar fyrir pílukastmeistara Hörðuvallaskóla.	Ari Jóhannsson
Hreystival	Verklegir tímar í íþróttasal þar sem áhersla verður lögð á þrek og hreysti. Kjörið fyrir nemendur sem stefna á þátttöku í Skólahreysti eða vilja bæta líkamlegt atgervi.	Stefán Andri Stefánsson
Hjólaval	Farið verður yfir nauðsynlegan búnað sem tengist hjólreiðum og útivist og farið verður í 4-5 lengri hjólaferðir í og í nágrenni Kópavogs. Hjólreiðaval er aðeins síðustu 7 til 8 vikurnar á vorönn vegna veðurs, því má gera ráð fyrir að tími valsins verði lengri en tvær kennslustundir í senn þessar vikur (4-6 kennslustundir í senn).	Björg Ósk Bjarnadóttir
Fimmvörðuháls	Markmið er að nemendur fái reynslu í að undirbúa og skipuleggja lengri göngu og að upplifa í leiðinni eina helstu náttúruperlu Íslands. Ferðalýsing: Gengið er frá Skógum og yfir hálsinn á einum degi niður í Bása þar sem er gíst. Ekið heim frá Básun. Nemendur eru undirbúnir í upphafi annar og svo er haldið í gönguna strax í september. Nemendur koma með nesti að heiman og greiða u.þ.b 15.000 kr. Upp í kostnað við gistingu, kvöldverð og rútu. Athugið að þetta er eingöngu fyrir nemendur í góðu formi sem treysta sér	Guðrún Valgerður og Íris Björk

	<p>í langa, erfiða dagsgöngu og áskilja kennarar sér rétt til að meta það í samstarfi við foreldra.</p> <p>Undirbúningur og ferðin eru ígildi allra tíma yfir önnina.</p> <p>Námsmat: Þátttaka og virkni.</p> <p>Aðeins fyrir 9. Og 10. Bekk</p>	
Skrautskrift	<p>Stiklað er á stóru í gegnum sögu leturs, pappírs og skriftar.</p> <p>Nemendur læra grunnatriði handskriftar, kynnast nokkrum gerðum skriftar og æfa þær.</p> <p>Nemendur læra að nota skrautskriftarpenna og kynnast kortagerð og uppsetningu á þeim.</p> <p>Veraldarvefurinn verður notaður í sýnikennslu ásamt öðrum námsgögnum.</p>	Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir
Tækniskólinn	<p><i>ATH! Eingöngu fyrir 10.bekk. Sérstakur póstur með upplýsingum fer heim á foreldra.</i></p> <p><i>Nemendur velja 3 viðfangsefnin:</i></p> <p>Nemendur kynnast ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi viðfangsefnum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hönnun og nýsköpun (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 2. Tréiðn (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 3. Tækniteiknun (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 4. Pípulagnir (Hafnarfirði) 5. Málaraiðn (Skólavörðuholti) 6. Rafiðn (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 7. Málmiðn (Hafnarfirði) 8. Skipstjórn (Háteigsvegi) 9. Forritun og vefsmíði (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 10. Ljósmyndun og myndvinnsla (Hafnarfirði og Skólavörðuholti) 11. Hársnyrting (Skólavörðuholti) 12. Föt og fylgihlutir (Skólavörðuholti) 	Kennt við Tækniskólann

Franska	Nemendur læra undirstöðuatriði í frönsku. Uppbyggingu, orðaforða, tjáningu og fleira. Fyrir 9.-10. Bekk	Anna Cholewinska
Starfsnám innan skóla	Starfsnám innan skóla felur það í sér að nemendur sinna fjölbreyttum viðfangsefnum innan skóla og jafnvel utan. Verkefni geta tengst námi og/eða öðru sem tengist skólanum. Dæmi um verkefni er t.d. aðstoð í dægradvöl, mötuneyti, í kennslustundum í skólanum eða nærliggjandi leikskóla, að taka að sér einstaklinga í frímínútum eða hádegi, að kynna skólann fyrir nýjum nemendum sem hefja nám eftir skólabyrjun, kynna skólann fyrir gestum sem koma í heimsókn, vinna gegn einelti og stuðla að betri samskiptum og líðan nemenda, aðstoð á bókasafni og ýmis fleiri verkefni eru möguleg og byggjast þau á nemendahópnum sem tekur þátt í þessu verkefni hverju sinni.	Námsráðgjafi sér um skipulag
Val utan skóla	Nemendur sem stunda formlegt nám í tónlistar, myndlistar eða dansskólum geta fengið það metið sem hluta af valáföngum grunnskóla sama á við um nemendur sem stunda formlegar æfingar hjá íþróttafélögum. Nemendur þurfa að skila þar til gerðu eyðublaði til að fá þetta metið sem hluta af skyldunámi.	Skila til ritara.

Málmsmíði	Smíðum skartgripi úr kopar eða messing. Lærum að saga, forma, kveikja og pólera.	Kristján Reynir Kristjánsson
Grúsk og grams	Fiktum og skoðum. Tökum í sundur tölvur og tæki. Smíðum rafmagnsknúinn bíl. Fyrir 9. -10. Bekk	Kristján Reynir Kristjánsson
Undirbúningur fyrir MK í stæ og ensku	10. bekkjar efni tekið fyrir jól.	Margrét Ósk stæ Elva Dröfn ensk
Þýska	Undirstöðuatriði í þýsku. Uppbygging, tjáning, menning og fleira verður skoðaða. Fyrir 9.-10. Bekk	Inga Dís Baldursdóttir

Hlaðvarp	<p>Í þessu vali búið þið til útvvarpsþátt/hlaðvarp, þar sem þið fjallað um starfið innan veggja skólans. Þátturinn er síðan settur á netið þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn skólans geta hlustað og fengið upplýsingar um skólastarfið beint í æð frá sjónarhorni nemenda.</p> <p>Markmið er að nemendur læri m.a. að vinna saman, undirbúa útvvarpsþátt, aflu upplýsinga, taka viðtöl sem og taka upp og klippa þætti t.d. í Garageband, Anchor eða öðru forriti.</p> <p>Námssmat: Áhugi, virkni og þátttaka.</p>	Guðrún Valgerður
Textíl	Nemendur vinna verkefni í samráði við textílkennara. Fyrir 9.-10. Bekk	Alma Ernst
Útivist og hreyfing	Í þessu vali er ýmis konar hreyfing utan dyra, bæði hlaup og ganga ásamt styrktaræfingum.	Amanda Mist
Árshátíðarmyndband og árbók	Ath! Aðeins fyrir 10. Bekk Nemendur undirbúa árshátíðarmyndband fyrir árshátíð elsta stigs ásamt starfsmanni úr Kúlunni. Einnig setja nemendur saman árbók fyrir árganginn sem er að útskrifast.	Bjarki Sigurjónsson
Erasmus	Lets sail together Fyrir 10. Bekk	Margrét Ingadóttir
Erasmus	Fyrir 10. Bekk	Lovísa Ólöf Guðmundsdóttir
Erasmus	Fyrir 9. Bekk Breaking walls with flipped classroom.	Margrét Ingadóttir
Skák	Haldið verður áfram að vinna með það góða skák starf sem verið hefur í skólanum. Tekið verður þátt í þeim mótum sem okkur bjóðast.	Birgir Rafn Birgisson
Íþróttasálfræði	Farið verður yfir helstu sálfræðiþætti íþróttaiðkunar.	Amanda Mist

Teiknað í Ipad	<p>Teiknum í Sketchbook eða Procreate. Lærum undirstöðurnar, hvernig við notum layera, copy/paste, litum og skyggjum, trace-um og prófum allskonar effecta.</p> <p>Fyrir byrjendur og lengra komna. Höfum Apple penna til afnota</p>	Auður Laila
Cartoon	<p>Teiknum á borði og eða í Ipad. Lærum the „basics“ Hlutfall líkama, teiknum andlit og hár og litum ofl.</p> <p>Fyrir byrjendur, lengra komnir mega líka joina. Höfum Apple penna til afnota</p>	Auður Laila